

Mál nr. 377/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

M hrasaði og datt niður stiga þ. 13.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.20.8.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 12.9.2012

Málsatvik.

M var við vinnu á sambýli og var á leið milli hæða og þegar hann var kominn upp á efstu stigaskör snéri hann sér við og ætlaði aftur niður þegar hann rann til og datt og meiddist á fæti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að aðstæður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við reglur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað sbr. 13.gr. laganna. Þá bendir M einnig á 6.gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012. Þá segir M að eftir slysið hafi verið sett upp handrið og ekki skipti máli þó hann hafi starfað lengi á umræddum vinnustað. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að slysið verði rakið til sakar A. V hafnar því að brotið hafi verið gegn lögum nr. 46/1980 eða 6.gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012. V segir líka að uppsetning handriðs eftir á skipti engu máli enda ekki sýnt fram á að það hefði skipt einhverju máli í því tilviki sem hér ræðir um.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að umræddur stigi hafi verið vanbúinn eða hættulegur. Engin gögn varðandi stigann liggja fyrir í málinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á brot A gegn ákvæðum laga nr. 46/1980. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.